

Upplýsingastefna Lífsverks

febrúar 2024

Stefna sjóðsins er að sjóðfélagar fái ávallt réttar, tímanlegar og markvissar upplýsingar um réttindi sín og málefni sjóðsins með rafrænni upplýsingagjöf um sjóðfélagavef á vefsvæði sjóðsins. Almennt efni verður á opnum síðum en sértækara efni um sjóðinn og sjóðfélaga á sjóðfélagavefnum.

Gætt verður að góðu flæði upplýsinga milli starfsmanna sjóðsins, stjórnarmanna, eftirlitsaðila og nefnda sem starfa í þágu sjóðsins.

Sjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og heiðarleika í innri sem ytri upplýsingagjöf.

Um meðferð persónutengdra upplýsinga fer eftir lögum um persónuvernd.

Metnaður er lagður í að veita sjóðfélögum hlutlausu og faglega ráðgjöf um lífeyrismál, hvort heldur um fjárfestingarleiðir eða álitamál í tengslum við töku lífeyris. Endanleg ákvörðun um val á fjárfestingarleið er þó ávallt í höndum sjóðfélaga sjálfra.

Fréttabréf til sjóðfélaga á rafrænu formi er gefið út reglulega þar sem ýmsar gagnlegar upplýsingar koma fram. Sjóðfélagayfirlit eru aðgengileg á sjóðfélagavef.

Ársskýrsla og ársreikningur skal gefinn út árlega með gagnlegum upplýsingum um stöðu sjóðsins og birt á vefsvæði sjóðsins.

Upplýsingagjöf til stjórnar, varastjórnar, ytri og innri endurskoðenda, endurskoðunarnefndar og eftirlitsaðila fer fram um vefgátt.

Það er stefna sjóðsins að leita stöðugt leiða til að bæta upplýsingagjöf samhliða því að nýta á hverjum tíma þá tækni sem er hagkvæmust og gagnast sjóðfélögum best í þeim tilgangi.

Samþykkt af stjórn 21. febrúar 2024

Eva Hlin Dereksdóttir

MARGRÉT ARNARSDÓTTIR

Ólafur Þorvaldsson

Stýrn: Vísgerðsson

Georg Lífursson